Skólanámskrá

Almennur hluti

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Febrúar 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli	**5**
Merki skólans	5
Stefnuskrá FB - skóla heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna	**6**
Sýn	6
Gildi	6
Hlutverk	6
Stefnumið	6
Markmið	6
Árangursmælikvarðar	6
Stjórnun og starfshættir	**7**
Skipurit skólans	7
Skólanefnd	7
Skólaráð	7
Gæðaráð	7
Stjórnendur	7
Störf og leiðtogun í dreifstýrðri stofnun	8
Kennarafundir og starfsmannafundir	8
Skólafundir	8
Foreldraráð	8
Fjármál	8
Starfsmannamál	9
Mat á skólastarfi	9
Stefnur og áætlanir	9
Aðbúnaður og húsnæði	**10**
Skrifstofa, heimasíða og upplýsingaskjár	10
Námsnet, upplýsingakerfi og tölvubúnaður	10
Mötuneyti	10
Húsnæði	11
FabLab	11
Öryggisnefnd	11
Samskipti	**12**
Jafnrétti	12
Siðareglur	12
Gegn einelti	13
Áfallaráð	13
Sjálfbærni og umhverfisvernd	13
Heilsuefling og forvarnir	13
Félagslíf nemenda	14
Tengsl við grunnskólanemendur	14
Tengsl við nærsamfélag skólans	14
Tengsl við aðra framhaldsskóla	14
Tengsl við atvinnulífið	15
Erlent samstarf	15

Nám og skólavist í FB **16**
Innritun og inntökuskilyrði 16
Innritunar- og efnisgjöld 16
Reglur um hegðun og umgengni 16
Reglur um skólasókn 17
Meðferð ágreiningsmála og viðurlög 17
Námsmat 18
Upplýsingar um námsgengi á önninni 18
Námsmat og próf 18
Birting einkunna og prófsýning 18
Kröfur um námsframvindu 19
Undanþágur frá einstökum námsáföngum 19
P-áfangar og viðbótaráfangar í dreifnámi 19
Úrsögn úr áfanga og úr námi í FB 19
Mat á námi, stöðupróf og raunfærnimat 20
Meðferð gagna 20
Þjónusta, utanumhald og stuðningur við nemendur **20**
Foreldrasamstarf 20
Umsjón með ólögráða nemendum 21
Bókasafn, tölvuaðstoð og námsstuðningur 21
Náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingur, markþjálfi 21
Þjónusta við erlenda nemendur 21
Námsskipan og kennsla **22**
Kennslufræðileg stefna skólans 22
Framhaldsskólaeining 22
Námsbrautir 22
Áfangar 23
Starfsmannalisti veturinn 2021–22 **35**
Stjórnendur veturinn 2021–2022 **38**
Nefndir og ráð veturinn 2021–2022 **38**
Stefnur og viðbragðsáætlanir **40**

Formáli

Í riti þessu er að finna skólanámskrá Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Skólanámskráin byggir á lögum nr. 92 frá 2008 og aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2012. Í skólanámskránni má lesa um stefnu skólans og starfsemi, uppbyggingu náms og helstu áherslur í kennslu og þjónustu við nemendur. Skólanámskráin var staðfest á fundi skólanefndar 30. ágúst 2016 og hefur verið uppfærð fyrir skólaárið 2021–22.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti var fyrsti fjölbrautaskólinn á Íslandi, stofnaður 4. október 1975. Skólinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi skóla er vinna að virkri tengingu bók-, verk- og listnáms á framhaldsskólastigi. Kvöldskóli FB hefur starfað frá árinu 1981 og Sumarskólinn í FB starfaði frá 1990 til 2019.

Verkefni skólans er að mennta fólk. Að eiga hlutdeild í því að miðla þekkingu, verkkunnáttu, hæfni og visku milli kynslóða. Af aldalangri reynslu vita menn að nám krefst góðrar ástundunar og sjálfsaga. Kennararnir hjálpa nemendum að skipuleggja nám sitt og veita þeim nauðsynlegt aðhald. Til að námið beri árangur þarf nemandinn að vinna jafnt og þétt að settum markmiðum og lifa heilbrigðu lífi.

Ósk mín er sú að allir nemendur skólans nái árangri í námi og að bæði nemendur og starfsfólk njóti þess að starfa í skólanum.

Reykjavík í febrúar 2022,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5
111 Reykjavík
Sími: 570-5600
Kt. 590182-1099
fb@fb.is
www.fb.is

Merki skólans

Merki skólans er marggreina tré með stórri krónu og breiðum stofni.

Tréð vísar til þess hversu traustur og fjölbreyttur skólinn er og hin breiða braut vitnar um gott aðgengi að námi.

Til hliðar er skammstöfun á heiti skólans og tilgreind grunngildin virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur.

Stefnuskrá FB - skóla heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Sýn

Við eflum einstaklinga til að skapa kærleiksríkt sjálfbært samfélag.

Gildi

Virðing - Fjölbreytni - Sköpunarkraftur

Hlutverk

Að mennta nemendur til lokaprófs úr framhaldsskóla.

Stefnumið

- Við leggjum áherslu á frið, lýðræði, réttlæti, jöfnuð og jafnrétti.
- Við vinnum saman að góðum námsárangri allra nemenda.
- Við menntum nemendur til að stuðla að sjálfbærni og virða líf og umhverfi.
- Við stuðlum að vellíðan og valdeflingu nemenda og starfsfólks.
- Við leggjum áherslu á góða samvinnu, hvetjandi og nærandi samskipti.
- Við iðkum, kennum og hlúum að nýsköpun.
- Við ræktum góð tengsl út á við og vinnum með nærsamfélagi skólans.

Markmið

Deildir skólans setja sér markmið til þriggja ára með hliðsjón af því hvernig áherslur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna móta sýn, hlutverk og stefnumið skólans. Markmiðin eiga að endurspegla skólastarfið. Þau á að endurskoða árlega.

Árangursmælikvarðar

Til að mæla hversu vel okkur tekst að uppfylla stefnumið skólans er í undirbúningi að mæla þætti er tengjast stefnumiðunum og birta niðurstöður reglulega:

1. *Fjöldi nemenda sem tekur þátt í sjálfboðnum samfélagsverkefnum ár hvert.*
2. *Fjöldi námseininga sem nemendur ljúka. Hlutfall milli lokinna og skráðra námseininga. Hlutfall áfanga sem nemendur dagskóla ljúka með fullnægjandi árangri. Hlutfall útskrifaðra af heildarnemendafjölda skólans.*
3. *Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Heildarmagn úrgangs. Endurvinnsluhlutfall.*
4. *Fjöldi námseininga í íþróttum sem nemendur ljúka með fullnægjandi árangri. Fjöldi námseininga sem nemendur ljúka í félagsstörfum. Fjöldi nemenda og kennara sem notar vistvænar samgöngur (ganga, hjóla, almenningssamgöngur).*
5. *Meðalfjöldi starfsmanna sem mætir á skólaþróunarfundi. Starfsánægja í Stofnun ársins og Starfsmannapúlsinum. Líðan nemenda skv. Skólapúlsinum.*
6. *Fjöldi nemenda sem tekur þátt í MeMa. Fjöldi skráður í Fab Lab áfanga. Fjöldi sem tekur þátt í jólakortasamkeppni FB. Fjöldi sem setur upp lokasýningu á listnámsbrautum.*
7. *Fjöldi erlendra samstarfsverkefna. Fjöldi nemenda sem fer í skiptinám/starfsnám erlendis ár hvert. Fjöldi nemenda sem skráðir eru á námssamning/ferilbók í verk- og iðnnámi.*

Stjórnun og starfshættir

Skipurit skólans

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er rekinn af íslenska ríkinu og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Skólameistari veitir skólanum forstöðu, stjórnar daglegum rekstri, gætir þess að skólastarfið sé í samræmi við opinber fyrirmæli og hefur frumkvæði að stefnumörkun og umbótastarfi. Aðstoðarskólameistari er staðgengill skólameistara.



Skólanefnd

Ráðherra skipar skólanefnd við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja fimm einstaklingar. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningum sveitarstjórna og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Nefndin kýs sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru þrír með málfrelsi og tillögurétt; einn tilnefndur af kennarafundi, einn af nemendafélagi skólans og einn af foreldraráði, til eins árs í senn.

Skólaráð

Skólaráð skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Skólameistari er oddviti skólaráðs sem auk hans skal skipað staðgengli hans, áfangastjóra og fulltrúum kennara og nemenda. Skólaráð fundar vikulega og er mikilvægur vettvangur samræðu milli forsvarsmanna nemendafélagsins og yfirstjórnar skólans.

Gæðaráð

Gæðaráð heldur utan um aðgerðaáætlun um sjálfsmat og fylgist með framkvæmd matsins. Í gæðaráði sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, fulltrúi kennara, gæðastjóri og ritari gæðaráðs.

Stjórnendur

Stjórnendur í fullu starfi eru, auk skólameistara og aðstoðarskólameistara, áfangastjóri, sem heldur utan um námsferla og námsástundun, innritun og útskriftir allra nemenda skólans. Fjármálastjóri sem heldur utan um fjármál skólans, starfsmannamál og rekstrarleg málefni og kennslustjóri sem heldur utan um skólaþróun, fagstjórn bóknámsbrauta og kennir einn námsáfanga. Fagstjórar námsbrauta eru ráðnir til tveggja ára í senn. Þeir leiða faglegt samstarf kennara, vaka yfir skipulagi á námi og kennslu á viðkomandi námsbrautum og halda utan um rekstrarleg málefni. Forstöðumaður nemendaþjónustu leiðir faglegt samstarf sérfræðinga á sviði nemendaþjónustu. Forstöðukona Fab Lab Reykjavíkur stýrir rekstri smiðjunnar. Kynningar- og alþjóðafulltrúi heldur

utan um kynningar og ytri ásýnd skólans og stýrir alþjóðlegu samstarfi. Stjórnendafundir eru haldnir vikulega til að ræða málefni skólans. Fundargerðir stjórnendafunda eru geymdar á innra neti skólans og eru birtar á TEAMS svæði starfsfólks skólans.

Störf og leiðtogun í dreifstýrðri stofnun

Kennarar skólans og aðrir sérfræðingar á sviði kennslumála skipast undir leiðtogun fagstjóra námsbrauta og forstöðufólks deilda eftir sérhæfingu sinni. Þannig heyra kennarar í íslensku, ensku, stærðfræði, náttúrufræði, tungumálum, félagsgreinum, tölvu- og upplýsingatækni og íþróttum undir fagstjórn bóknámsbrauta. Undir fagstjórn listnámsbrauta heyra kennarar í myndlistar- og textílgreinum, en einnig í valgreinunum tónlist, leiklist og dansi. Auk þess eru sérstakir fagstjórar fyrir starfi kennara á húsasmiðabraut, rafvirkjabraut, sjúkraliðabraut, snyrtibraut og starfsbraut. Undir forstöðu nemendaþjónustu heyra námsráðgjöf, námsstuðningur við nemendur, bókasafn og upplýsingatækniþjónusta, en einnig skipulag á umsjón/fóstrun ólögráða nemenda og verkefnið heilsueflandi framhaldsskóli. Sérfræðingar í FabLab Reykjavík heyra undir forstöðukonu smiðjunnar.

Kennarar FB eru sérfræðingar í þeim greinum sem þeir kenna. Við skólann starfa ríflega hundrað kennarar í fullu starfi og nokkrir í hlutastarfi. Náms- og starfsráðgjafar eru einnig kennaramenntaðir, svo og sérfræðingur á vinnustofu nemenda sem heldur utan um námsstuðningsþjónustu skólans á bókasafni, en þar starfar einnig bókasafnsfræðingur skólans og kerfisstjóri er veitir nemendum og starfsfólki stuðning í upplýsingatæknimálum. Skólinn greiðir sjúkraliðum á stofnunum sem taka við sjúkraliðanemum laun fyrir þá þjónustu.

Á fjármálasviði starfa sérfræðingar á sviði fjármála og starfsmannamála, svo og kynningarstjóri sem jafnframt er verkefnastjóri erlendra samskipta. Þar starfa einnig kerfisstjóri, fulltrúar á skrifstofu, umsjónarmaður fasteigna, matráðar og skólaliðar.

Rekstur nemendamötuneytisins er í höndum verktaka. Skólinn heldur utan um rekstur á FabLab Reykjavík í nánu samstarfi við Reykjavíkurborg og ráðuneyti atvinnu- og nýsköpunarmála.

Kennarafundir og starfsmannafundir

Skólameistari boðar til kennarafundar sem haldinn er minnst tvisvar á hverri námsönn. Þar er fjallað um stefnumörkun í starfi skólans til skemmri og lengri tíma, s.s. skóladagatal, námsskipan, kennsluhætti, gerð skólanámskrár, tilhögun prófa og námsmat. Skólameistari undirbýr kennarafund, en kennarar geta einnig borið þar fram mál. Kennarafundur kýs við upphaf haustannar fulltrúa kennara í skólaráð og skólanefnd. Fundargerð kennarafunda skal vera aðgengileg kennurum og skólanefnd. Kennarafundir eru opnir öllu starfsfólki skólans og fyrsti kennarafundur hvorrar námsannar er jafnframt almennur starfsmannafundur.

Skólafundir

Í FB er haldinn skólafundur tvisvar á ári með þátttöku alls starfsfólks og allra nemenda skólans. Á skólafundi eru málefni skólans rædd. Skólafundur er ákveðinn á dagatali skólans og undirbúinn af skólameistara og skólaráði. Niðurstöður skólafundar eru kynntar skólanefnd.

Foreldraráð

Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti starfar foreldraráð. Sæti í því eiga þrír forráðamenn nemenda við skólann og tveir varamenn auk tveggja skoðunarmanna reikninga og tengiliðs við stjórnendur skólans. Hlutverk foreldraráðs er að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Fjármál

FB er opinber framhaldsskóli og hefur sérstaka fjárveitingu í fjárlögum. Fjárveiting til skóla er ákveðin með hjálp reiknireglna sem ráðherra hefur ákveðið í reglugerð. Auk fjárveitinga á fjárlögum er skólum gert að innheimta innritunar- og efnisgjöld við upphaf námsannar, svo og ýmis

fleiri gjöld sem kveðið er á um í lögum. Dæmi um slíkt eru gjöld vegna valkvæðra ferða á vegum skólans, s.s. námsferða, safnferða og leikhúsferða, svo og gjöld vegna sértækrar þjónustu sem ekki heyrir undir reglulega starfsemi skólans, s.s. skápaleigu, skírteinisútgáfu og þess háttar. Nánar er kveðið á um þessa gjaldtöku í reglugerð um gjaldtökuheimildir opinberra framhaldsskóla nr. 614/2009. Á heimasíðu má finna gjaldskrá skólans fyrir dagskóla og kvöldskóla.

Fjármálastjórnun skólans fer eftir fyrirmælum um meðferð opinbers fjár. Unnar eru ársáætlanir sem menntamálaráðuneytið staðfestir og gerðar eru greiningar til að skerpa sýn á það hvernig best megi ráðstafa fé í samræmi við stefnu skólans. Rekstraryfirlit eru notuð til að fylgjast með því að fjárstýring sé í samræmi við áætlanir. Í skólanum er virkt útgjaldaeftirlit og skilgreint samþykktarferli reikninga, þannig að ekki er stofnað til útgjalda án heimildar yfirmanns sem ber ábyrgð á viðkomandi deild eða sviði. Ársskýrslur og ársreikninga má finna á heimasíðu skólans.

Starfsmannamál

Starfsmannastjórnun í FB tekur mið af mannauðsstefnu skólans, en hún byggir m.a. á fyrirmælum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, kjarasamningum, stofnanasamningum og starfslýsingum skólans. Mannauðsstefnan gengur út frá því að skólinn hafi yfir að ráða öflugu starfsfólki, sem nýtur hæfileika sinna og menntunar, hefur tækifæri til að samræma vinnu og einkalíf og leggur sitt af mörkum til að gera stofnunina að lifandi lærdómssamfélagi. Í mannauðsstefnunni er fjallað um ráðningar, móttöku nýrra starfsmanna, starfsþróun og starfsmannasamtöl, starfslok, laun og jafnlaunavottun, vinnutíma og starfsskilyrði, heilsueflingu, jafnrétti og samskipti, svo og stjórnunarhætti.

Áhersla er lögð á lýðræðislega og sanngjarna stjórnunarhætti, þar sem kappkostað er að veita starfsmönnum og eftir atvikum nemendum, virka hlutdeild í stjórnun skólans og ákvörðunum. Stjórnendur skólans bera ábyrgð á að upplýsingaflæði sé gott, boðleiðir skýrar og að afgreiðsla mála fari í réttan farveg. Þeir komast að niðurstöðu um álitamál og aðstoða við lausn ágreiningsmála þar sem leitast er við að gæta sanngirni gagnvart báðum aðilum.

Mat á skólastarfi

Kveðið er á um lögbundið innra og ytra eftirlit með gæðum skólastarfs í framhaldsskólum í 40.-42. grein framhaldsskólalaga. Tilgangur þess er að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um árangur skólastarfsins, tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við opinber fyrirmæli og að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á, svo og til þess að tryggja gæði náms og stuðla að umbótum. Innra mat (sjálfsmat) er í höndum skólans. Því er stýrt af gæðaráði sem leitast við að virkja starfsfólk, nemendur, foreldra og aðra hagsmunaaðila í matsferlinu.

Stefnt er að því að þróa heildstætt sjálfsmatskerfi fyrir skólann. Niðurstöður sjálfsmatsins eru birtar í sjálfsmatsskýrslu skólans sem send er til menntamálaráðuneytisins ár hvert, ásamt áætlunum um umbætur sem jafnframt eru birtar opinberlega á heimasíðu skólans. Ytra mat er í höndum menntamálaráðuneytis sem gerir reglulega úttekt á hverjum framhaldsskóla og birtir niðurstöðurnar opinberlega. Síðasta úttekt á starfsemi FB var gerð árið 2016 og er úttektarskýrslan á heimasíðu skólans.

Stefnur og áætlanir

Á heimasíðu skólans má finna helstu stefnur og áætlanir sem unnið er eftir í skólanum. Þær eru mannauðsstefna, jafnréttisáætlun, áætlun gegn einelti, forvarnar- og heilsustefna, öryggisstefna, umhverfisstefna, viðbragðsáætlun og rýmingaráætlun. Áfallaáætlun er aðgengileg á innri vef skólans (TEAMS).

Aðbúnaður og húsnæði

Skrifstofa, heimasíða og upplýsingaskjár

Skrifstofa skólans veitir allar upplýsingar um skólann. Á skrifstofu er ljósritunarþjónusta fyrir kennara. Skrifstofan er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 08:00–15:00 og föstudaga til kl. 13:00.

Heimasíða skólans er á slóðinni www.fb.is. Þar má meðal annars finna skólanámskrá með öllum skólareglum, upplýsingar frá stjórnendum og fréttir af skólastarfi. Upplýsingaskjár er staðsettur víða í skólanum, auk þess sem efni hans birtist á heimasíðunni. Ef kennslustundir falla niður fá nemendur tilkynningu þar um í tölvupósti.

Námsnet, upplýsingakerfi og tölvubúnaður

Í skólanum er öflugt þráðlaust netkerfi, FBNET, opið fyrir nemendur og starfsfólk. Guðjón Ívarsson, netstjóri, aðstoðar nemendur og kennara. Netfangið hans er gman@fb.is.

Í OneDrive-skýjaþjónustu Microsoft geta nemendur geymt skjöl sín og unnið með þau. Aðgangurinn veitir þeim einnig heimild til að setja Office365-pakkann upp á fimm mis-munandi tæki. Hægt er að setja pakkann upp á bæði Windows og Apple tölvur og einnig á síma með Android og IOS stýrikerfum. Nemendur geta sótt eftirfarandi forrit og unnið með þau, bæði í gegnum vafra og sem uppsett forrit á sínum tækjum: OneDrive, Word, Excel, Power Point, OneNote og Sway. Office365 er sótt inni á portal.office.com. Á heimasíðu skólans er tengill og leiðbeiningar fyrir nemendur um hvernig þeir eiga að sækja Office 365 á sínar tölvur. Til að skrá sig inn þurfa nemendur að nota notendanafn sitt og bæta við @fb.is, ásamt lykilorði. Kerfisstjóri sendir nemendum notendanafn. Nemendur missa aðgang sinn þegar þeir eru ekki lengur skráðir í skólann.

INNA, www.inna.is, er námsskráningarkerfi framhaldsskólanna. Þar eru skráðar og varðveittar allar upplýsingar um námsferla nemenda, stundaskrár, viðveruskráning o.fl. Sérhver nemandi fær aðgang að INNU og einnig geta forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri fengið aðgang. Þeir sækja sér lykilorð í gegnum „gleymt lykilorð“ og nota eigin kennitölu. INNA er jafnframt námsstjórnarkerfi fyrir stóran hluta af áföngum skólans. Þar má sjá námsáætlun, námsgögn, námsmat og yfirlit yfir verkefni og próf. Skólinn og kennarar senda nemendum og forráðamönnum tölvupóstskilaboð í gegnum Innu og því er mikilvægt að skrá virkt netfang nemanda og forráðamanns í Innuna. Ef netfangið í Innu er ekki rétt skal senda tölvupóst til fb@fb.is með ósk um breytingu. Ef kennari forfallast, fá nemendur sendar upplýsingar þar um í tölvupósti í gegnum Innuna. Umsjón með Innu hefur Berglind Halla Jónsdóttir, áfangastjóri. Netfang hennar er bhj@fb.is.

Námsstjórnarkerfið Moodle sem finna má á fb.dreifnam.is er enn notað af nokkrum kennurum í skólanum. Þar má finna gögn, m.a. verkefni, glósur og gagnvirk próf. Kennarar veita nemendum nauðsynlegar upplýsingar um aðgang að Moodle.

Nemendur geta nýtt eigin tölvur eða snjalltæki til að komast á netið. Á bókasafni eru tölvur sem nemendur geta notað. Í skólanum eru fimm tölvustofur og nokkrir tölvuvagnar sem kennarar nota í kennslu. Almennt er gert ráð fyrir að nemendur hafi eigin tölvur í skólanum. Nemendur sem ekki eiga fartölvu geta fengið lánaða tölvu á bókasafni til að taka með sér í tíma. Þeim tölvum skal að öllu jöfnu skila í lok dags.

Mötuneyti

Mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk eru rekin í skólanum. Matsalur nemenda er í nýbyggingu skólans en starfsfólks á kennarastofu. Skólinn leggur áherslu á notalegan aðbúnað í matsölum og að

í boði sé hollt fæði á hagstæðu verði. Þá býður skólinn nemendum sínum hafragraut á morgnana. Á heimasíðu má finna matseðla fyrir mötuneyti nemenda.

Húsnæði

Húsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti er á þremur stöðum. Við Austurberg 5 stendur aðalskólahúsið. Við Austurberg 3 stendur íþróttahúsið sem tekið var í notkun árið 1991 og þjónar nemendum Fjölbrautaskólans í Breiðholti og Hólabrekkuskóla. Í húsinu er löglegur handboltavöllur, fjórir körfuboltavellir, átta badmintonvellir, fjórir blakvellir og einn tennisvöllur. Við Hraunberg 6 stendur verknámshús þar sem fer fram verkleg kennsla í trésmíði og myndlist.

Kappkostað er að hlúa eins vel að nemendum og starfsfólki og frekast er unnt innan ramma þess fjármagns sem skólanum er úthlutað. Viðhald og endurnýjun á húsnæði skólans er í höndum Fasteigna ríkissjóðs í samráði við stjórnendur. Tækjabúnaður skólans er í stöðugri uppfærslu, en verknámskennsla kallar á góðan tækjabúnað. Húsbúnaður er kominn til ára sinna og reynt að endurnýja hann eftir því sem kostur er á. Lögð er áhersla á gott viðhald á eignum og búnaði, góða umgengni og snyrtileika í rýmum skólans. Einnig er í undirbúningi að byggja nýtt verknámshús á lóð skólans við Hraunberg sem mun bæta kennsluaðstöðu mikið.

FabLab

FB rekur innan sinna veggja FabLab-smiðju í samstarfi við Reykjavíkurborg og ráðuneyti atvinnu- og nýsköpunarmála. Í FabLab gefst nemendum og almenningi kostur á að útbúa frumgerðir af hlutum sem þeir hafa fundið upp með hjálp stafræns tækjabúnaðar eins og þrívíddarprentara, laserskera, fræsara og tölvuteikniforrita. Sífellt fleiri kennarar í FB nýta aðstöðuna í FabLab til að dýpka nám nemenda.

Öryggisnefnd

Leitast er við að tryggja nemendum og starfsfólki öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi sem fullnægir kröfum um öryggi, hollustu og vinnuvernd. Fjögurra manna öryggisnefnd starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 frá 1980. Í nefndinni

sitja tveir öryggisverðir skipaðir af skólameistara og tveir öryggistrúnaðarmenn kjörnir af starfsmönnum.

Öryggisnefndin skipuleggur aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, annast fræðslu til starfsfólks og hefur eftirlit með því að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum. Hlutverk nefndarinnar er skilgreint nánar í reglugerð nr. 920/2006. Starfsfólk og nemendur eru hvött til að koma með ábendingar til öryggisnefndar skólans og leggja þannig sitt af mörkum til aukins starfsöryggis.

Samskipti

Skólinn starfar eftir áherslum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og vill mennta nemendur til þess að hafa góð áhrif – efla þá til að skapa kærleiksríkt sjálfbært samfélag.

Góð samskipti eru sá grunnur sem farsælt líf byggist á. FB er opinber stofnun með fjölmarga hagsmunaaðila sem eiga hag í því að nemendum og starfsfólki líði vel í daglegu starfi. Virðing er eitt af grunngildum FB og áhersla á samvinnu er meðal helstu stefnumiða skólans. Með skilyrðislausri áherslu á virðingu leggjum við grunn að jafnrétti og vinsemd í samfélagi er nær langt út fyrir veggi skólans.

Skólinn á vera griðastaður þar sem allir geta verið þeir sjálfir. Sá sem vill halda nánu og góðu sambandi við aðra manneskju þarf að geta veitt stuðning, hrós, tíma, athygli, félagsskap o.fl. Sérhver aðili skólasamfélagsins skiptir máli og með því að sýna öllum í FB skilyrðislausa virðingu og samkennd leggja nemendur og starfsfólk sitt af mörkum til að efla kærleika nær og fjær. Starfsfólk hefur samþykkt sérstakan samskiptasáttmála sem finna má á heimasíðunni.

Jafnrétti

Allir aðilar skólasamfélagsins skulu njóta jafnréttis og þar skal ríkja gagnkvæm virðing. Með virkri jafnréttisáætlun, jafnlaunavottun og starfi jafnréttisfulltrúa er þess gætt að starfsfólki sé ekki mismunað eftir kyni í launum eða tækifærum til þátttöku í störfum, verkefnum og nefndavinnu. Einnig að starfsfólk eigi kost á að samræma vinnu og fjölskyldulíf og taka þátt í endurmenntun og þróunarstarfi óháð kyni. Nemendum skal kennt um jafnréttismál í skólanum, inntaka nemenda skal vera óháð kyni og námsráðgjöf beinast m.a. að því að benda hvoru kyni um sig á náms- og starfsmöguleika í greinum þar sem ríkir kynjahalli og tækifæri er til að jafna hann. Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Jafnréttisáætlun má finna á heimasíðu FB.

Siðareglur

Siðareglur kennara gilda, eftir því sem við á, fyrir allt starfsfólk skólans. Þær eru sem hér segir:

Kennarinn…

- menntar nemendur.
- eflir með nemendum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og menningu.
- sýnir nemendum virðingu, áhuga og umhyggju.
- skapar góðan starfsanda og hvetjandi námsumhverfi.
- hefur jafnrétti að leiðarljósi.
- vinnur gegn fordómum, einelti og öðru ranglæti sem nemendur verða fyrir.
- kemur vel fram við nemendur og forráðamenn og virðir rétt þeirra.
- gætir trúnaðar við nemendur og forráðamenn og þagmælsku um einkamál þeirra sem hann fær vitneskju um í starfi sínu.
- viðheldur starfshæfni sinni og eykur hana.
- vinnur með samstarfsfólki á faglegan hátt.
- sýnir öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

- gætir heiðurs og hagsmuna stéttar sinnar.

Starfsfólk skólans er hvatt til þess að gæta varfærni í notkun samfélagsmiðla. Gæta þarf að mörkum einkalífs og vinnu á samfélagsmiðlum og að samskipti við nemendur á þeim vettvangi séu eðlileg og fagleg. Þess er vænst að starfsfólk FB tjái sig af sanngirni um vinnu sína og vinnustað í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum.

Gegn einelti

Einelti er ekki liðið í FB, hvorki meðal starfsfólks né nemenda. Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hegðunin beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað endurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir. Einelti kemur öllum við og árangur í baráttunni gegn einelti byggist á því að allir taki ábyrgð. Áætlun um aðgerðir gegn einelti er að finna á heimasíðu FB, svo og vinnureglur ef upp koma ásakanir um einelti.

Áfallaráð

Ef upp koma áföll í skólanum, svo sem slys, hættulegir sjúkdómar eða andlát, grípur áfallaráð inn í og fer með verkstjórn varðandi sálræna skyndihjálp. Sálræn skyndihjálp felst í því að kennarar og starfsfólk skóla leitast við að mynda tengsl sín í milli eða við nemendur með því að sýna samkennd án þess að vera ágeng eða uppáþrengjandi. Þannig er stuðlað að líkamlegri og tilfinningalegri öryggiskennd í gegnum hughreystingu. Enn fremur þarf að róa þá sem eru í miklu tilfinningalegu uppnámi eða örvilnaðir og veita þeim uppörvun. Áfallaráð FB leitar leiða til að aðstoða aðila við að gera sér grein fyrir þörfum sínum og áhyggjum og afla viðeigandi upplýsinga. Áfallaáætlun FB er að finna á innra neti skólans (TEAMS).

Sjálfbærni og umhverfisvernd

Nemendur og starfsfólk eru frædd um sjálfbærni og mikilvægi þess að hugsa hnattrænt en bregðast við á heimaslóð. Fjallað er um hugtakið sjálfbærni frá ýmsum hliðum í námsáföngum skólans. Skólinn vinnur samkvæmt Grænum skref í ríkisrekstri og færir grænt bókhald. Hugað er að umhverfi og samfélagi við innkaup, framkvæmdir og stefnumótun. Umhverfismerktar vörur og þjónusta eru valin umfram annað eins og kostur er. Úrgangur er flokkaður og lágmarkaður eins og kostur er. Spilliefnum er skilað til viðurkenndra móttökuaðila. Loks eru nemendur og starfsfólk hvött til þess að nýta vistvæna samgöngumáta, m.a. með samvinnu við Strætó um skólakort nemenda og samgöngustyrki til starfsfólks.

Heilsuefling og forvarnir

FB hefur sett sér stefnu um heilsueflingu og forvarnir sem er samhljóða stefnu Félags íslenskra framhaldsskóla. Framtíðarsýn í forvörnum framhaldsskólanna er þessi:

Ungt fólk á framhaldsskólaaldri hefur sterka sjálfsmynd, ber ábyrgð á eigin heilsu, forðast að nota áfengi, tóbak eða vímuefni, hugar að næringu, hreyfingu og svefni, hefur heilbrigða sýn á sig sem kynverur og gætir að gagnkvæmri virðingu í samskiptum við annað fólk.

Meginmarkmið forvarnarstefnunnar eru að:

- efla heilbrigðan lífsstíl ungs fólks,
- rækta virðingu í samskiptum og
- vinna gegn neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna.

Í skólanum er unnið að málefnum heilsueflingar og forvarna í teymisvinnu. Í teyminu sem heldur utan um framkvæmd forvarnarstefnu skólans eru fulltrúar nemenda, kennara og stjórnenda. Teymið skipuleggur og fylgist með framkvæmd heilsueflingar og forvarnarstarfs í skólanum, m.a. í tengslum við verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli“.

Ef skyndileg veikindi koma upp á skólatíma er nemendum vísað á Heilsugæsluna í Efra-Breiðholti. Í undirbúningi er samningur milli skólans og heilsugæslunnar.

Félagslíf nemenda

Nemendafélag FB, NFB, vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn NFB (nemendaráð) er skipuð formanni, varaformanni, markaðsstjóra, skemmtanastjóra og meðstjórnanda. Þeir fimm sjá um daglegan rekstur félagsins og hafa yfirumsjón með öllu sem gerist á þess vegum. Nemendafélagið er málsvari nemenda gagnvart yfirvöldum skólans með setu í skólaráði og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Nemendafélagið heldur uppi fjölbreyttu félagslífi og freistar þess að virkja sem flesta nemendur. Tveir félagsmálafulltrúar úr röðum kennara eru nemendafélaginu til ráðgjafar.

Innan félagsins eru starfræktar ellefu nefndir; auglýsinganefnd, árshátíðarnefnd, íþróttanefnd, listanefnd, ljósmyndanefnd, vefráð og vídeónefnd auk Leiklistarfélagsins Aristófanesar og Málfundafélagsins Gróu. Kosið er í nemendaráð og nefndir í apríl hvert ár en nýir fulltrúar í nemendaráði og nefndum taka við störfum í byrjun skólaárs.

NFB býður upp á margbreytilega viðburði fyrir nemendur. Þar má t.d. nefna nýnemakvöld, böll, kvikmyndakvöld, íþróttakeppni, söngvakeppni, „paintball“-mót, tónleika og spilakvöld. Árlega tekur NFB þátt í Söngvakeppni framhaldsskóla, Gettu betur og öðrum sameiginlegum keppnum framhaldsskólanna. Í mars hvert ár á Sæludögum halda nemendur árshátíð sína og í tengslum við hana hefur oft verið sett upp árshátíðarleiksýning. Nýnemaferð, forvarnardagur og skólafundur eru viðburðir sem skólayfirvöld og nemendafélagið undirbúa saman. Skólareglur gilda á öllum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans. Um dansleikjahald gilda sérstakar reglur sem birtar eru á heimasíðu.

Tengsl við grunnskólanemendur

Kynning á námi í FB meðal grunnskólanemenda og forráðamanna er reglulegur þáttur í starfi skólans. Að hausti hefur nemendum 10. bekkjar í grunnskólum Breiðholts verið boðið til morgunverðar í skólanum til að kynna þeim skólastarfið. Á vorönn er síðan opið hús þar sem allar deildir kynna sig og nemendur geta fræðst um námið og rætt við fagstjóra, kennara og náms- og starfsráðgjafa. Loks tekur skólinn þátt í sameiginlegum framhaldsskólakynningum á vegum framhaldsskólanna.
Kynningarstjóri skólans skipuleggur þessa viðburði.

Á menntagátt, www.menntagatt.is, er hægt að sækja upplýsingar um námsframboð framhaldsskólanna og sækja um skóla.

Tengsl við nærsamfélag skólans

Áhersla er lögð á að eiga í góðu samstarfi við nærsamfélag skólans í Breiðholti. Margvísleg tengsl eru við grunnskóla hverfisins, t.d. í gegnum samstarf um FabLabið auk þess sem nemendur FB og Hólabrekkuskóla stunda skólaíþróttir hlið við hlið í íþróttahúsinu við Austurberg. Náms- og starfsráðgjafar í skólum hverfisins funda ár hvert um málefni nemenda sem eru að færast frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Breiðholtsbylgjan er sameiginlegur endurmenntunardagur stofnana hverfisins.

Á liðnum árum hafa, í gegnum samfélagsþjónustuverkefni nemenda, skapast tengsl við ýmsar stofnanir og fyrirtæki í nágrenni skólans eins og t.d. félagsstarfið í Gerðubergi, leikskólana Bakkaborg, Hólaborg og Jöklaborg, Seljahlíð – heimili aldraðra, Skógarbæ, Dýraspítalann Víðidal, Kattholt, svo og við verkefni er nefnist „Brúin“ í Völvufelli þar sem nemendur aðstoða við heimanám.

Tengsl við aðra framhaldsskóla

FB er einn af þrjátíu og tveimur framhaldsskólum á Íslandi. Skólarnir hafa með sér samráð á mörgum sviðum í gegnum Skólameistarafélag Íslands og félög kennara og annarra starfsstétta. Stjórnendur framhaldsskólanna hittast reglulega og funda um sameiginleg málefni. Þetta virka

samstarf stuðlar að auknum gæðum í skólastarfi á landsvísu, þar sem fagfólk getur leitað ráða hvert hjá öðru þvert á stofnanir.

Tengsl við atvinnulífið

Eitt af meginhlutverkum framhaldsskólans er að búa ungt fólk undir störf á vinnumarkaði. í FB fer fram formleg starfsmenntun húsasmiða, rafvirkja, sjúkraliða og snyrtifræðinga. Í löndum þar sem starfs- og verkmenntun er með mestum blóma tekur atvinnulífið virkan þátt í menntun ungs fólks og menntunin fer að hluta fram við raunverulegar aðstæður, úti á vinnumarkaði. Hér á landi er námið að stærstum hluta innan veggja skólans. Þess brýnna er því að rækta góð tengsl við atvinnulífið, veita aðilum atvinnulífsins aðgang að því sem fram fer í skólanum og auka upplýsingaflæði til verknámsskólanna um kröfur sem gerðar eru um verkkunnáttu og færni þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Hlutverk fagstjóra verknámsdeilda er m.a. að halda uppi virkum tengslum við aðila vinnumarkaðarins og vaka yfir því að skilaboð um nýja tækni og nýjar kunnáttu- og færnikröfur nái til kennara og nemenda. Helstu aðilar atvinnulífs sem tengjast verkmenntun í FB eru Samtök rafverktaka (SART), Rafiðnasamband Íslands, Trésmiðafélag Reykjavíkur, Byggiðn – Félag byggingamanna, Ríkisspítalar, sjúkrahús og hjúkrunarheimili, Sjúkraliðafélag Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins.

Erlent samstarf

Alþjóðleg samskipti auka víðsýni nemenda, efla skilning á mikilvægi tungumálakunnáttu og veita innsýn í líf og starf fólks í útlöndum. Erlent samstarf er vaxandi þáttur í skólastarfi FB og er stutt við gagnkvæm samskipti nemenda og kennara milli landa eftir því sem kostur er. Af hálfu skólans er lögð áhersla á að nemendum í verknámi gefist kostur á að taka hluta af starfsnámi sínu erlendis.

Kynningarstjóri hefur umsjón með erlendum samskiptum og hefur yfirsýn yfir samstarfsverkefni sem skólinn stendur að á hverjum tíma. Hann veitir kennurum góð ráð, miðlar af reynslu sinni og ræðir hugmyndir að verkefnum. Hann miðlar einnig til kennara skólans upplýsingum um verkefni sem hægt er að sækja um.

Í skólanum er lögð áhersla á evrópskt og norrænt samstarf sem byggir á gagnkvæmum heimsóknum og sameiginlegri verkefnavinnu. Sótt er um styrki til innlendra og erlendra stofnana til að greiða fyrir þessu samstarfi. Kennarar hafa sjálfir frumkvæði að erlendum samskiptaverkefnum, sækja um styrki, annast framkvæmd og skila lokaskýrslu. Framkvæmd samskiptaverkefna er á höndum þeirra kennara sem styrk hafa hlotið. Skólameistari skrifar undir umsóknir um erlend samskiptaverkefni að höfðu samráði við kynningarstjóra. Samráð skal haft við skólameistara um fyrirkomulag nemenda- og kennaraskipta með tilliti til ferðatíma og forfallakennslu. Nemendur geta í ákveðnum tilvikum fengið námseiningar fyrir þátttöku í erlendum samskiptaverkefnum.

Nemendur sem taka þátt í utanlandsferðum á vegum skólans þurfa að skrifa undir nemendasamning við skólann fyrir brottför þar sem fram koma reglur sem gilda í ferðinni, s.s. um hegðun. Ef um ólögráða nemendur er að ræða skrifa forráðamenn einnig undir samninginn. Við val á nemendum til að taka þátt í utanlandsferðum á vegum FB er sú krafa gerð að þeir hafi góða mætingu frá upphafi vetrar. Kennarar sem standa fyrir ákveðinni ferð geta í upphafi verkefnisins sett nánari reglur og skilyrði fyrir þátttöku nemenda. Þessar reglur geta til dæmis fjallað um verkefnaskil, hegðun eða aðra þætti.

Nám og skólavist í FB

Innritun og inntökuskilyrði

Þeir sem hafa lokið námi í grunnskóla eða eru orðnir 16 ára eiga rétt á að innritast til náms í framhaldsskóla og stunda það til 18 ára aldurs, haldi þeir skólareglur. Nám til stúdentsprófs tekur að jafnaði þrjú ár og nám til starfsréttinda fjögur. Með viðbótarnámi má ljúka stúdentsprófi meðfram, eða að loknu starfsnámi.

Nemendur með A, B+, B, C+ og C á grunnskólaprófi geta innritast á allar námsbrautir skólans. Nemendum er raðað í námshópa samkvæmt námskrá viðkomandi námsbrautar. Almennt er miðað við að nemendur sem lokið hafa grunnskóla með einkunnina A, B+ og B í kjarnagreinunum íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku séu tilbúnir að hefja nám á 2. þrepi í þeim greinum. Nemendur með einkunnina C+ og C raðast að jafnaði á 1. þrep. Við röðun á þrep áskilur skólinn sér rétt til að líta til einkunna nemandans í heild og leggja mat á hvort nemandinn raðist á 1. eða 2. þrep í grunnáföngum í kjarnagreinum.

Nemendur sem ekki hafa nægan námsundirbúning til að skrá sig á stúdentsbrautir eða starfsréttindabrautir (einkunn D) byrja á almennri námsbraut eða framhaldsskólabraut. Framhaldsskólabraut veitir undirbúning undir nám á öðrum námsbrautum. Inn á framhaldsskólabraut eru einungis teknir nemendur úr Breiðholti.

Starfsbraut er fjögurra ára nám handa sérdeildarnemendum. Á starfsbraut eru einungis teknir 6–8 nemendur hvert haust. Sótt er um á starfsbraut í febrúar.

Innritunar- og efnisgjöld

Innritunar- og efnisgjöld eru ákveðin af skólameistara að höfðu samráði við skólanefnd. Innritunargjöld eru innheimt fyrir upphaf hverrar annar. Greiðsla þeirra er staðfesting á skólavist. Efnisgjöld fyrir verklega áfanga eru einnig innheimt í byrjun annar. Greiði nemandi ekki efnisgjald fær hann ekki einkunnablað sitt afhent fyrr en hann getur framvísað greiðslukvittun.

Reglur um hegðun og umgengni

1. Allir í skólanum skulu sýna hver öðrum virðingu. Sýna ber háttvísi og prúðmennsku hvar sem komið er fram í nafni skólans.
2. Nemendur virði vinnufrið í tímum og hlýði verkstjórn kennarans.
3. Nemendur virði eigur skólans, gangi snyrtilega um og skilji ekki eftir rusl.
4. Neysla matar og drykkja er óheimil í tímum og á bókasafni, en heimilt er að hafa vatn í lokuðum brúsa.
5. Reykingar og öll meðhöndlun tóbaks er óheimil í skólanum og á skólalóð. Þar með talið hvers konar munn- eða neftóbak, svo og gufu- eða rafsígarettur.
6. Óheimilt er að neyta, meðhöndla eða vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í skólanum og á samkomum eða í ferðalögum á vegum skólans.
7. Bílastæði nemenda eru á bílaplaninu milli skólans og íþróttahúss. Virða skal sérmerkt stæði fatlaðra og starfsfólks.
8. Myndataka, kvikmyndataka og hljóðupptökur í skólanum eru óheimilar í kennslustundum án skýrrar heimildar kennara.
9. Nemendum ber að hlýða fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans.

Gengið er út frá því að nemendur og kennarar komi fram hvert við annað af gagnkvæmri virðingu og mæti stundvíslega í allar kennslustundir. Í kennslustundum ber nemendum að virða verkstjórn kennarans og forðast að trufla vinnufriðinn. Þannig er notkun síma og tölva í kennslustundum einungis heimil með leyfi kennara. Neysla og meðhöndlun tóbaks og vímuefna af öllu tagi er stranglega bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og á skemmtunum á vegum skólans.

Reglur um skólasókn

- Nemendur skulu sækja allar kennslustundir í þeim áföngum sem þeir hafa í stundaskrá sinni og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% heildarmætingu.
- Nemendur verða að mæta í a.m.k. 85% kennslustunda. Í einstökum áföngum eru þó strangari mætingareglur og eru þær tilgreindar í kennsluáætlunum. Hér er t.d. um að ræða ýmsa verklega áfanga og símatsáfanga.
- Nemandi, sem ekki hefur mætt í kennslustund, getur ekki farið fram á að fá kennslu í því efni sem búið er að fara yfir.
- Engin leyfi eru gefin vegna læknisheimsókna og þess háttar fjarveru.
- Nemandi sem er með yfir 95% raunmætingu fær A í skólasókn og eina einingu. Nemandi með 90%–94% heildarmætingu fær B í skólasókn. Nemandi með 85%–89% heildarmætingu fær C í skólasókn. Ef nemandi fer niður fyrir 85% heildarmætingu er hann fallinn á önninni og fær einkunnina E í skólasókn. Ef nemandi sem fellur á önn hyggst halda áfram námi þarf hann að gera grein fyrir fjarvistum sínum og sækja um skólavist að nýju.

Til að fá niðurfellda fjarvistaskráningu vegna veikinda þarf foreldri eða forráðamaður ólögráða nemanda að skrá veikindin rafrænt í Innu, nemendabókhald skólans, fyrir kl. 12:00 samdægurs. Rafrænar tilkynningar frá foreldrum eða forráðamönnum teljast fullnægjandi og frekari staðfesting er óþörf. Við ítrekuð veikindi getur skólameistari þó krafist þess að veikindi séu staðfest af lækni.

Lögráða nemendur sem búa í foreldrahúsum geta opnað aðgang foreldris eða forráðamanns að Innu, svo það geti skráð veikindaforföllin rafrænt, skoðað mætingar og einkunnir nemandans í áföngum. Aðgangurinn er þá opinn þangað til nemandi lokar honum. Í Covid-19 var opnað fyrir veikindaskráningu nemenda 18 ára og eldri.

Nemendum gefst einnig kostur á að skila læknisvottorði. Þau þurfa að berast innan viku frá lokum veikinda nema um annað sé samið. Stjórnendur skólans geta heimilað að felldar séu niður fjarvistir að öllu leyti þegar nemendur hafa verið fjarverandi í sérstökum tilvikum.

Í samræmi við stjórnsýslulög og á grundvelli reglna um skólasókn er hægt að vísa nemendum úr einstökum áföngum eða úr skóla vegna lélegrar skólasóknar og skulu þeir þá áður hafa fengið skriflega viðvörun frá viðkomandi kennara, umsjónarkennara eða stjórnanda. Skal virða andmælarétt og gæta þess að forráðamönnum ólögráða nemenda sé gert viðvart skriflega. Endanleg brottvikning er á ábyrgð skólameistara.

Meðferð ágreiningsmála og viðurlög

Við meðferð ágreiningsmála skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og upplýsingalaga nr. 50/1996. Leitast skal við að afgreiða brot á skólareglum með skjótum hætti en jafnframt leggja áherslu á öryggi og vandvirkni við úrlausn mála og afgreiðslu.

Brjóti nemandi reglur skólans ber að veita honum tiltal, við alvarlegt brot veitir skólameistari skriflega áminningu og við ítrekað eða mjög gróft brot er nemanda vísað úr skóla.

Þegar nemandi brýtur skólareglur skal aðstoðarskólameistari skrá atburðinn, ræða við málsaðila og upplýsa jafnframt forráðamenn ólögráða nemenda um málið.

Aðstoðarskólameistari vísar eftir atvikum máli áfram til skólameistara. Skrifleg áminning skýrir frá tilefni, viðurlögum og andmælarétti nemanda.

Leitast skal við að leysa ágreiningsmál á vettvangi skóla. Uni nemandi eða forráðamaður hans ekki úrskurði í deilumáli má vísa málinu til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Námsmat

Námsmati er ætlað að meta hvernig nemanda hefur gengið að tileinka sér námsmarkmið í áfanga. Í kennsluáætlun hvers áfanga kemur fram hvernig námsmati er háttað. Það skal kynnt nemendum í upphafi annar. Námsmat er í höndum kennara.

Einkunnir eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10. Einkunnin 10 vísar til þess að 95–100% markmiða hafi verið náð og 5 til þess að 45–54% markmiða hafi verið náð. Lágmarkseinkunn í áfanga er 5. Nemandi telst ekki hafa staðist áfanga þegar einkunn er lægri og fær því ekki að taka næsta áfanga á eftir.

Nemanda er heimilt að útskrifast með einkunnina 4 (D) ef um lokaáfanga eða stakan áfanga er að ræða. Ekki er heimilt að hafa fleiri en tvær slíkar einkunnir á lokaprófsskírteini. Þessir áfangar gefa ekki einingar og verður nemandi því að afla annarra eininga í stað þeirra.

Ef fall í einum áfanga á lokaönn kemur í veg fyrir að nemandi geti útskrifast má hann endurtaka próf í þeim áfanga. Nemandinn öðlast ekki þennan rétt fyrr en ljóst er að hann hafi náð fullnægjandi árangri í öðrum áföngum á lokaönn. Nemendur eiga ekki rétt á endurtektarprófi í símatsáföngum ef í áfangalýsingu eða kennsluáætlun, sem nemendur fá í upphafi annar, er skýrt tekið fram að námsmatið byggist á símati sem nemendur verði að standast.

Upplýsingar um námsgengi á önninni

Kennarar í dagskólanum skrá jafnóðum einkunnir fyrir verkefnaskil og hlutapróf í Innuna og geta nemendur og forráðamenn þannig fylgst með því hvernig nemandanum gengur í náminu yfir önnina. Þegar komið er að miðri önn skráir kennarinn miðannarmat um nemendur sína í þeim tilvikum þar sem ekki er komið námsmat í Innu fyrir því sem samsvarar a.m.k. 30% af heildarnámsmati áfangans. Miðannarmatið byggir á skólasókn og námsmati í viðkomandi áfanga fram til þessa. Tilgangur miðannarmatsins er að gefa nemendum og forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára vitnisburð um stöðu nemandans á miðri námsönn. Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum: A = stendur sig mjög vel; B = stendur sig vel (mætti bæta sig); C = stendur sig sæmilega (og verður að taka sig á til að ekki fari illa); E = stendur sig afleitlega (og er jafnvel fallinn nú þegar).

Námsmat og próf

Í lok námsannar eru síðustu þrír vinnudagar nemenda námsmatsdagar. Í þeim tilvikum þar sem áföngum lýkur með lokaprófi er það haldið á þessum dögum samkvæmt stundatöflu nemandans. Í símatsáföngum eru gjarnan styttri hlutapróf og aukapróf á þessum dögum.

Um framkvæmd prófa gilda nákvæmar formlegar prófreglur sem allir hlutaðeigandi skulu fylgja. Prófreglur taka til próftíma, viðveruskráningar og staðfestingar á réttmæti próftaka til próftökunnar, gagna sem afhent eru nemendum, hvað nemendum er heimilt að taka með sér í prófin, réttar nemanda til lengri próftíma og viðurlaga við brotum á prófreglum. Nemendum ber að kynna sér prófreglur á heimasíðu skólans.

Nemendur sem eiga við fötlun og/eða sértæka námsörðugleika að stríða eiga eftir aðstæðum rétt á sérstakri aðstoð við nám, próf og annað námsmat. Náms- og starfsráðgjafar, að fenginni umsögn sérfræðinga, leggja mat á möguleika og leiðir skólans til þess að mæta þörfum hlutaðeigandi nemenda.

Birting einkunna og prófsýning

Nemendur og forráðamenn ólögráða nemenda fá aðgang að lokaeinkunnum í áföngum á afhendingardegi einkunna, með opnun Innunnar. Lögum samkvæmt á nemandi rétt á útskýringum á mati sem liggur að baki lokaeinkunn innan fimm virkra daga frá birtingu einkunnar. Prófsýning er haldin í FB fljótlega eftir að einkunnir eru afhentar, þá eiga nemendur þess kost að skoða

prófúrlausnir sínar í viðurvist kennarans. Ef fram kemur skekkja í mati eða einkunnagjöf skal slíkt leiðrétt.

Ef nemandi telur einkunnagjöf kennara ósanngjarna á hann rétt á að vísa málinu til skólameistara og óska eftir mati sérstaks prófdómara. Þá skal kveða til óvilhallan prófdómara sem metur prófúrlausnir. Úrskurður prófdómara er endanlegur og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Kröfur um námsframvindu

Meginstefna FB er að allir nemendur nái árangri í námi sínu. Þannig er gengið út frá því að nemendur stundi námið með eðlilegum námshraða og útskrifist innan tilskilinna tímamarka. Miðað er við að eðlilegur námshraði sé 33–34 framhaldsskólaeiningar á önn að meðaltali og skulu nemendur ekki velja færri en 20 framhaldsskólaeiningar. Ef nemandi lýkur færri en 15 framhaldsskólaeiningum á önn telst námsframvinda hans óviðunandi og er honum vísað úr skóla. Undanþágur frá kröfum um námsframvindu eru metnar sérstaklega.

Undanþágur frá einstökum námsáföngum

Nemendur með greiningu um sértæka námsörðugleika geta sótt um undanþágu frá einstökum námsáföngum. Nemendur skulu þó taka aðra áfanga í stað þeirra sem þeir fá undanþágu frá. Undanþágunefnd leggur mat á undanþáguumsóknir nemenda og leggur tillögu um afgreiðslu fyrir skólameistara. Undanþágunefnd skipa náms- og starfsráðgjafar og umsjónarmaður námsstuðnings. Áður en undanþágan er veitt skal gera nemendunum grein fyrir því að undanþágan gæti skert möguleika þeirra til náms í háskólum eða möguleika til starfa á viðkomandi starfssviði ef um starfsnám er að ræða. Á prófskírteini nemenda skal ávallt gerð grein fyrir undanþágum frá námsframvindu eða námsmati.

Nemendur, sem hafa dvalið utan Norðurlanda á grunnskólaaldri, geta sótt um að taka annað tungumál í staðinn fyrir Norðurlandamál. Nemendur, sem fengið hafa undanþágu frá námi í Norðurlandamáli í grunnskóla, geta einnig fengið undanþágu frá Norðurlandamáli í framhaldsskóla. Þeir skulu þó taka aðra grein í staðinn.

Heimilt er samkvæmt aðalnámskrá að meta móðurmál nemenda með annað móðurmál en íslensku til eininga í frjálsu vali eða til eininga í stað annars erlends tungumáls. Nemanda ber þó að sýna fram á kunnáttu sína í tungumálinu í stöðumati.

Nemandi sem stundar umfangsmikla líkamsþjálfun á vegum sérsambands og/eða íþróttafélags undir stjórn sérmenntaðs þjálfara, íþróttafræðings eða kennara, samhliða námi í FB, getur óskað eftir því að vera undanþeginn vissum áföngum eða áfangahlutum í íþróttum, líkams- og heilsurækt. Þá þarf nemandinn að skila inn þjálfunaráætlun, staðfesta af viðkomandi þjálfara, fyrir lok annarrar viku námsannar og síðan aftur í lok annar staðfestingu á því að áætlunin hafi gengið eftir. Að hámarki geta nemendur fengið eina námseiningu metna vegna þjálfunar fyrir hverja námsönn á meðan þeir eru í námi, þó aldrei fleiri en 5 framhaldsskólaeiningar samtals.

P-áfangar og viðbótaráfangar í dreifnámi

Þegar nemandi er kominn á lokaönn og ekki tekst að koma öllum námsáföngum hans fyrir í töflu er nemandanum heimilt að taka P-áfanga sér að kostnaðarlausu. Fagstjóri veitir nemanda heimild til slíks og undirbýr samning milli nemanda og kennara. Aðrir nemendur geta sótt um að bæta á sig námsáfanga (P-áfanga), en þurfa þá að greiða einingagjald skv. gjaldskrá skólans.

Úrsögn úr áfanga og úr námi í FB

Nemendur geta sagt sig úr námsáföngum fyrstu þrjár vikur annarinnar, en ekki eftir það. Öllum sem skráðir eru í námsáfanga eftir að þrjár vikur eru liðnar ber að ljúka viðkomandi áfanga. Geri þeir það ekki eiga þeir á hættu að missa rétt til skólavistar á næstu önn. Nemandi sem hverfur frá námi á miðri námsönn eða fær E í skólasókn tvær annir í röð hefur fyrirgert rétti sínum til áframhaldandi skólavistar.

Mat á námi, stöðupróf og raunfærnimat

Við skólann starfar matsnefnd sem metur nám úr öðrum skólum til eininga eftir frumgögnum viðkomandi skóla og er það fellt að námskerfi FB eftir því sem kostur er. Nám úr öðrum skólum er metið þannig að einkunn helst óbreytt eða er námunduð að næstu heilu tölu. Matshæft telst nám að loknu grunnskólaprófi sem hefur skilgreind markmið og lýkur með námsmati og fullnægjandi árangri. Þar er um að ræða allt viðurkennt nám á framhaldsskólastigi, nám sem veitir starfsréttindi, viðurkennd námskeið og hliðstætt nám erlendis. Metnir áfangar færast inn á námsferil nemandans og koma fram á einkunnablaði í lok hverrar annar. Skólinn innheimtir gjald fyrir mat á námi úr öðrum skólum bæði í dagskóla og kvöldskóla.

Skólinn heldur árlega stöðupróf í þeim tungumálum sem kennd eru við skólann, þ.e.a.s. í ensku, dönsku, þýsku og spænsku. Stöðuprófin eru auglýst sérstaklega og eru aðeins hugsuð fyrir nemendur skólans.

Raunfærnimat staðfestir og metur raunverulega færni í skilgreindum verkum eða námsefni án tillits til þess hvernig eða hvar færninni var náð. Um framkvæmd raunfærnimats er nánar fjallað í reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011. Náms- og starfsráðgjafar FB veita nánari upplýsingar um raunfærnimat.

Meðferð gagna

Gögn í vörslu skóla sem geyma persónulegar upplýsingar um nemendur skal farið með í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Starfsfólk er bundið trúnaði og óheimilt að veita persónulegar upplýsingar um lögráða nemendur án samþykkis þeirra og forráðamanna ef nemandi er undir 18 ára.

